



Dreifibréf til allra
skólastjóra grunnskóla
og sveitarfélaga

Dagsetning 23. janúar 2025
Málsnúmer MRN24070042

Framkvæmd sundkennslu á unglingastigi í grunnskólum landsins

Mennta- og barnamálaráðuneytið sendir eftirfarandi dreifibréf til allra skólastjóra grunnskóla og sveitarfélaga vegna sundkennslu á unglingastigi í grunnskólum landsins. Tilefni dreifibréfsins eru breytingar á greinasviðum aðalnámskrár grunnskóla og erindi og upplýsingar sem borist hafa ráðuneytinu vegna sundkennslu á unglingastigi m.a. vegna hugmynda um stöðupróf um mat á hæfni í skólasundi.

Menntagildi og meginmarkmið skólaíprótta er lýst í kafla 23.1 í aðalnámskrá grunnskóla en þar segir m.a.:

„Skólaípróttir, ásamt grunnþættinum heilbrigði og velferð, gegna veigamiklu hlutverki í heilsuuppeldi og heilsurækt nemandans allan grunnskólann. Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan sem ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Því skal skólastarf skipulagt með það í huga að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan nemenda.“

Breytingar voru gerðar á greinasviðum aðalnámskrár grunnskóla sbr. tilkynningu í Stjórnartíðindum 17. október 2024. Í uppfærðum kafla 23 um skólaípróttir eru hæfniviðmið í skólasundi aðskilin þáttur frá námssviðinu skólaípróttir. Með þessu er skýrari áhersla sett fram fyrir skólasund sem mikilvægt skyldunám sem ekki er hægt að uppfylla með öðrum skólaípróttum.

Í ágúst 2023 voru jafnframt gerðar breytingar á kafla 16 aðalnámskrár grunnskóla þar sem fjallað er um undanþágur frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein. Þar er minnt á rétt barna til menntunar og gert ráð fyrir að ríkar ástæður þurfi að vera fyrir hendi svo slík undanþága sé veitt. Í aðalnámskrá eru líka viðmið um verklag vegna beiðna um undanþágur frá skyldunámi. Í aðalnámskránni kemur fram að þrátt fyrir möguleika á að ljúka grunnskóla á skemmri tíma en tíu árum ber grunnskólum að bjóða þessum nemendum upp á að dýpka hæfni sína í námssviðum grunnskólans eða fjölbreytt val í öðrum greinum í tíu ár.

Mennta- og barnamálaráðuneytið beinir tilmælum til allra grunnskóla landsins og sveitarfélaga að yfirfara útfærslu á sundkennslu á unglingastigi og tryggja að framkvæmdin sé í samræmi við gildandi aðalnámskrá grunnskóla bæði þegar kemur að skipulagi skólasunds og veitingu undanþága frá skyldunámi í skólasundi.

F.h. ráðherra
Hafþór Einarsson

F.h. ráðherra
Sigríður Lára Ásbergsdóttir